


**Rannsóknir á seiðastofnum  
í Laxá á Ásum og Efri Laxá 1999**

**Bjarni Jónsson**

**Mars 2000**

**VMST-N-00003**



**VEIÐIMÁLASTOFNUN**  
Norðurlandsdeild

**Rannsóknir á seiðastofnum  
í Laxá á Ásum og Efri Laxá 1999**

**Bjarni Jónsson**

**Mars 2000**

**VMST-N-00003**

**VEIÐIMÁLASTOFNUN**  
*Bókasafn*

## **Inngangur**

Gerð var athugun seiðastofnum í Laxá á Ásum og Efri Laxá í ágúst 1999. Markmið þessara athuganna var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu seiða, vöxt og afkomu í Laxá. Jafnframt er gerð grein fyrir veiði í Laxá eftir fjölda og þyngd fiska. Á grundvelli þessara upplýsinga er mat lagt á heildarástand fiskistofna Laxár.

## **Aðferðir**

Ástand seiðastofna í Laxá var kannað með rafveiðum. Í ágúst 1999 var rafveitt á tíu stöðum í Laxá; þremur stöðum í efri Laxá, fyrir neðan stíflu í Svínavatni (stöð 1), á nýjum stað (stöð 2b) um 500 m fyrir ofan brú, og svo nokkru neðar í ánni (stöð 3), og á sjö stöðum víðsvegar í Neðri Laxá. Veitt var á flestum sömu stöðum og undanfarin ár (Bjarni Jónsson 1999, VMST-N/99004). Stærð rafveiðistaða var á bilinu 216 m-1125 m<sup>2</sup> en hún var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að stæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað.

Rafveiðistaðir voru valdir með það að augnamiði að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Af þeim sökum er þeirri aðferð beitt að veiða sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valin staður eins og kostur er á grýttum köflum í ánni þar sem von er meiri seiðaframleiðslu og fleiri árganga seiða.

## **Veiðin 1999**

Alls veiddust 482 laxar í Laxá á Ásum sumarið 1999. Þar af veiddust 430 laxar í Neðri Laxá og 52 í Efri Laxá. Af löxum veiddum í Neðri Laxá var 17 löxum sleppt aftur í ána. Í Neðri Laxá veiddust einnig 16 urriðar og ein bleikja. Í Efri Laxá veiddust 28 bleikjur og 2512 urriðar (tafla 3). Af þeim löxum sem veiddust í Laxá sumarið 1999 reyndust um 79% vera smálax, eða lax sem dvalið hefur eitt ár í sjó. Hlutfall smálaxa var um 87% hjá hængum og 71% hjá hrygnum. Af veiddum stórlöxum, laxar sem dvalið hafa tvö eða fleiri ár í sjó voru um 30% hængar en hlutfall hænga var um 53% hjá smálaxinum. Þyngdardreifing laxanna er sýnd á mynd 7. Laxateljarinn við Laxárvatn taldi 76 laxa fara upp og 5 silunga. Þá er búið að draga frá þá fiska sem gengu niður aftur.

## Niðurstöður rafveiða

### *Efri Laxá*

Fyrir neðan stíflu við Svínavatn veiddust nú tveggja ára (2+) laxaseiði (tafla 1; mynd 2), samanborið við tvo árganga árið áður, eins- (1+) og tveggja ára seiði (Bjarni Jónsson 1999). Þrír árgangar urriðaseiða veiddust á þessum kafla; vorgömul (0+), eins,- og tveggja ára seiði, en í fremur litlum þéttleika (tafla 2; mynd 5).

Rafveitt var á nýjum stað í Efri Laxá sumarið 1999, stað 2b. Þessum nýja athugunarstað var valinn staður í beygju í ánni nokkru ofan við brú yfir Efri Laxá. Töluvert mikið veiddist af laxaseiðum á þessu svæði, alls fjórir árgangar; vorgömul, eins,- tveggja,- og þriggja ára (3+) laxaseiði. Mest veiddist af eins árs og tveggja ára seiðum (tafla 1; mynd 2). Einnig voru urriðaseiði áberandi á þessum kafla, þá sérstaklega vorgömul seiði (tafla 2; mynd 5). Aðeins bar á vorgömlum bleikjuseiðum (tafla 2; mynd 4).

Á rafveiðistað 3, hefðbundnum rafveiðistað í Efri Laxá, veiddist nokkuð af vorgömlum laxaseiðum, auk eins,- og tveggja ára laxaseiða (tafla 3; mynd 2). Þrír árgangar urriðaseiða veiddust á þessum kafla; vorgömul, eins árs- og tveggja ára seiði. Langmest var þó af vorgömlu seiðunum (tafla 2; mynd 5).

### *Neðri Laxá*

Fyrir neðan Laxárvatnsstíflu veiddust nú fjórir árgangar laxaseiða; vorgömul, eins,- tveggja,- og þriggja ára seiði. Mest var þar af eins árs seiðum og svo tveggja ára seiðum (tafla 1; mynd 3a). Mjög mikið veiddist af eins árs laxaseiðum á þessum stað sumarið 1998, eða 9,6 á hverja 100 fermetra (Bjarni Jónsson 1999). Sá árgangur, tveggja ára seiði sumarið 1999 var hins vegar í mun minni þéttleika í rafveiðunum síðastliðið sumar, eða 2,2 á hverja 100 fermetra. Aðeins varð vart við einn árgang urriðaseiða á þessu svæði, tveggja ára seiði (tafla 2; mynd 6a).

Rafveitt var á brotinu fyrir ofan ármót við rafveituskurðinn, staður 6. Þar veiddust fjórir árgangar laxaseiða, vorgömul, eins,- tveggja,- og þriggja ára seiði. Mest var af eins árs laxaseiðunum, eða 16,8 á hverja 100 fermetra, en einnig talsvert af tveggja

ára seiðum (tafla 1; mynd 3a). Tveggja ára laxaseiði voru mest áberandi á þessum kafla sumarið 1998 (Bjarni Jónsson 1999). Þrír árgangar urriðaseiða veiddust á þessum kafla; vorgömul, eins,- og tveggja ára seiði en í fremur litlum þéttleika (tafla 2; mynd 6a). Jafnframt var vottur af bleikjuseiðum á þessum stað (tafla 2; mynd 4).

Í rafveituskurðinum, stað 8 var mikill þéttleiki vorgamalla laxaseiða, en einnig nokkuð af eins,- og tveggja ára laxaseiðum. Þetta var jafnframt sá staður í vatnakerfinu þar sem mestur þéttleiki af vorgömlum laxaseiðum kom fram í rafveiðum sumarið 1999 (tafla 1; mynd 3b). Talsvert meira var þar af eldri laxaseiðum sumarið 1998, en minna af vorgömlum seiðum (Bjarni Jónsson 1999). Hvorki veiddust urriða eða bleikjuseiði í rafveituskurðinum.

Veitt var nokkur neðan ármóta Laxár við rafveituskurð, stað 7. Ekki varð vart við vorgömul laxaseiði á þessum kafla, en þéttleiki eins, og tveggja ára laxaseiða reyndist svipaður og árið áður (tafla 1; mynd 3a; Bjarni Jónsson 1999). Á þessum kafla var vottur af eins árs urriðaseiðum (tafla 2; mynd 6a) og vorgömlum bleikjuseiðum (tafla 1; mynd 4).

Á rafveiðisvæði 9 veiddust fjórir árgangar laxaseiða; vorgömul, eins,- tveggja,- og þriggja ára seiði. Langmest veiddist af eins árs laxaseiðum (tafla 1; mynd 3b). Á þessu svæði í ánni var mikið af vorgömlum og eins árs laxaseiðum sumarið 1998 (Bjarni Jónsson 1999). Vottur var af eins árs urriðaseiðum í rafveiðunum 1999 (tafla 2; mynd 6b).

Rafveitt var á hefðbundnum stað ofan við brú á Þjóðvegi 1, stað 11. Nokkuð veiddist af vorgömlum laxaseiðum og tveggja ára seiðum, en langmestur þéttleiki reyndist vera af eins árs laxaseiðum (tafla 1; mynd 3b). Mjög lítið veiddist hins vegar af laxaseiðum á þessum kafla sumarið 1998, vottur af vorgömlum seiðum og aðeins af eins árs laxaseiðum (Bjarni Jónsson 1999). Aðeins varð vart við einn árgang urriðaseiða, tveggja ára seiði (tafla 1; mynd 6b).

Á rafveiðisvæði 12, nokkru ofan ósa Laxár veiddust þrír árgangar laxaseiða; vorgömul, eins árs og tveggja ára seiði. Þéttleiki þeirra var hins vegar fremur lítill (tafla 1; mynd 3c). Á þessum kafla varð aðeins vart við einn árgang laxaseiða sumarið

1998, eins árs seiði, en í talsvert meiri þéttleika en nú (Bjarni Jónsson 1999). Vottur var af tveggja ára urriðaseiðum á þessu svæði (tafla 2; mynd 6b).

## **Umræða um niðurstöður rafveiða**

### *Efri Laxá*

Laxinn hefur ekki enn náð sér á strik í efsta hluta árinna. Þar veiddist aðeins vottur af tveggja ára laxaseiðum sumarið 1999. Það var hins vegar athyglivert að sjá hve mikið var af laxaseiðum á hinu nýja svæði sem var athugað, stað 2b. Þessi kafla hefur áður verið talinn fóstur tiltölulega lítið af laxaseiðum. Neðar í ánni, þar sem grafir voru hrogn (staður 3) reyndist einnig nokkuð af laxaseiðum, þrjú árgangar. Lax virðist vera að sækja á aftur í hluta Efri Laxár. Vorgömul urriðaseiði veiddust á rafveiðistað 1, fyrir neðan stíflu við Svínavatn sumarið 1999 eins og sumarið 1998. Það gæti bent til þess að rennsli á þennan kafla hafi verið nægjanlegt allavega síðustu tvö árin til að hrogn lifi af veturinn í mölinni. Hins vegar hefur ekki tekist laxaklak á þessu svæði á sama tíma. Mjög mikill þéttleiki var af vorgömlum urriðaseiðum nokkru neðar í ánni, stað 2b og er mögulegt að hluti þeirra hafi gengið upp ána allt upp undir stíflu og skýri þannig tilvist vorgamalla urriðaseiða þar. Á heildina lítið virðist hafa verið mikið af vorgömlum urriðaseiðum í Efri Laxá sumarið 1999, ef frá er skilið efsta svæðið. Vottur var einnig af bleikjuseiðum í rafveiðunum í Efri Laxá sumarið 1999 en ekki 1998.

### *Neðri Laxá*

Þéttleiki laxaseiða hefur verið fremur lítill í Laxá fyrir neðan Laxárvatnsstíflu síðustu árin (stað 4), þó hefur ekki vantað inn árganga. Mjög mikill vatnaflóki var í Laxá frá Laxárvatnsstíflu og allt niður undir þjóðveg 1. og gæti það að einhverju marki skýrt minni seiðapéttleika nú. Vatnaflókin leggst eins og teppi yfir árbotninn og breytir áferð hans og búsvæðum fyrir seiði mikið. Á svæðinu fyrir ofan rafveituskurðinn var mikið af laxaseiðum eins og jafnan hefur komið fram í rafveiðum þar. Minna var af eldri laxaseiðum í rafveituskurðinum en oft áður en mikið af vorgömlum laxaseiðum úr hrygningu í skurðinum haustið 1998. Seiðabúskapur laxa var þokkalegur miðað við fyrri ár, á kaflanum í Laxá frá mótum rafveituskurðar og niður undir þjóðveg 1. Þrjú árgangar laxaseiða komu fram í rafveiðunum í neðsta hluta Laxár sumarið 1999

samanborið við einn árgang sumarið 1998 (eins árs seiði). Þéttleiki laxaseiða var hins vegar minni þar nú. Það er áhyggjuefni hve lítið virðist af laxaseiðum í neðsta hluta Laxár. Vottur var af urriða- og bleikjuseiðum í Neðri Laxá eins og undanfarin ár. Eins árs laxaseiði voru ríkjandi árgangur í Laxá sumarið 1999, ef frá er skilinn rafveituskurðurinn. Mjög mikið var af tveggja ára laxaseiðum á svæðinu fyrir ofan ármót við rafveituskurðinn sumarið 1998 og á köflum víðar í ánni eins og í rafveituskurðinum. Dreifing var hins vegar köflótt og á ákveðnum svæðum var lítið af eldri laxaseiðum. Árgangur tveggja ára laxaseiða í rafveiðunum 1998 virðist að mestu hafa gengið til sjávar vorið 1999 sem þriggja ára seiði. Gott vor gæti hér hafa átt hlut að máli. Hluti af þeim seiðum sem búast hefði mátt við að gengju út sumarið 1998 sem þriggja ára seiði gerðu það ekki og talsvert var af þeim á ákveðnum stöðum í Laxá sumarið 1998. Ferskvatnsdvöl laxaseiða hefur því styst á milli ára. Vatnaflóki var útbreiddur í Laxá sumarið 1999 en sást þar ekki árið áður. Flókin hefur farið sem pest á milli áa á Íslandi síðustu árin en virðist ekki halda lengi velli í hverri á. Þannig var talsvert af vatnaflóka í hluta Miðfjarðarána sumarið 1998 en var horfinn árið eftir. Í Miðfjarðarám fór saman tilvera vatnaflóka og minni seiðapéttleiki á sömu köflum í ánni samanborið við árin á undan og sumarið 1999 (óbirt gögn). Flókin hefur vonandi skamma viðdvöl í Laxá.

### **Almenn umræða**

Sjógönguseiði úr Laxá vorið 1999 hafa fyrst og fremst komið af efsta hluta árinna og útfrá niðurstöðum rafveiða má ætla að ganga laxaseiða úr Laxá neðan Svartabakka hafi verið mjög lítil vorið 1999. Göngunni í heild sinni hefur því verið mjög misskipt eftir árhlutum og kann það að koma fram í dreifingu laxveiðinnar á komandi sumri. Búast má við því að dreifing sjógönguseiða eftir svæðum í Laxá verði öllu jafnari nú í vor en árið áður. Seiðabúskapur í Efri Laxá er aftur á uppleið og mun það vonandi skila sér í betri veiði á næstu árum. Urriðaveiðin í Efri Laxá, 2512 urriðar var mjög góð og ljóst að áin er ein af bestu urriðaám landsins.

Útfrá niðurstöðum rafveiða má álykta að fjöldi gönguseiða úr Laxá hafi vart verið nema í meðallagi bæði vorið 1998 og 1999. Slæm laxveiði sumarið 1999 verður hins vegar ekki nema að hluta skýrð með ástandi seiðastofna árinna á síðustu árum eða að eitthvað sérstakt hafi verið að gerast í Laxá sem ekki hefur gerst annarsstaðar. Tekið skal fram að í Laxá hafa samt gerst slys sem mega ekki endurtaka sig. Laxveiði dróst

víða mikið saman sumarið 1999 þó að Laxá fengi máski meiri athygli vegna frægðar sinnar en ýmsar aðrar laxveiðiár. Samsetning og þéttleiki seiðastofna í Laxá hefur breyst á undanförunum árum og það sama má segja um fleiri ár á Norðurlandi og víðar (gögn í vinnslu). Unnið er að því að kanna hvernig þessar breytingar geta tengst laxgengd í árnar. Heimtur úr hafi úr “lykilánum”; Miðfjarðará og Vesturdalsá í Vopnafirði hafa verið slakar sumarið 1999 ef marka má endurheimtur á merktum gönguseiðum. Það þarf því gagngera úttekt á því hvaða þættir, bæði til lands og sjávar liggja að baki þeim dýfum sem við erum að sjá í laxveiðinni. Þrátt fyrir að fjöldi gönguseiða úr Laxá sem eiga að standa undir laxveiði á komandi sumri hafi vart verið nema í meðallagi verður að teljast ólíklegt að laxveiði verði jafn slök og hún var síðastliðið sumar tvö ár í röð. Fyrirliggjandi gögn gefa tilefni til hóflegar bjartsýni fyrir laxveiði á komandi sumri.



**Tafla 1.** Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 fermetra í Laxá á Ásum og Efri Laxá eftir aldri og veiðistöðum í ágúst 1999.

Staður	Stærð veiðisv.	0+	1+	2+	3+
1	45x15 m			0,89	
2b	45x12 m	0,74	3,89	2,22	0,37
3	25x30 m	2,80	0,93	0,27	
4	40x10 m	0,25	3,00	2,50	2,00
6	20x15 + 20x10 m	0,20	16,80	7,00	0,40
7	20x15 m		12,33	7,33	0,67
8	27x8 m	12,04	0,46	1,39	
9	42x16 m	2,53	13,69	2,08	0,30
11	25x18 m	3,78	13,78	3,11	
12	45x25 m	1,24	1,42	0,18	

**Tafla 2.** Fjöldi veiddra urriða og bleikjuseiða á hverja 100 fermetra í Laxá á Ásum og Efri Laxá eftir aldri og veiðistöðum í ágúst 1999.

Staður	Stærð veiðisv.	Urriði 0+	Urriði 1+	Urriði 2+	Bleikja 0+
1	45x15 m	0,30	1,19	0,15	
2b	45x12 m	21,11	1,48	0,56	0,37
3	25x30 m	7,60	0,93	0,67	
4	40x10 m			0,50	
6	20x15 + 20x10 m	0,20	1,00	0,20	0,20
7	20x15 m		0,67		0,33
8	27x8 m				
9	42x16 m		0,15		
11	25x18 m			0,22	
12	45x25 m			0,09	



**Tafla 3.** Veiði í Efri og Neðri Laxá sumarið 1999.

**Laxveiði**




Neðri Laxá		Hængar	Hrygnur	Ókyngur.	Samtals:
	Veiði	161	164	105	430
	Sleppt	6	9	2	17
	Afli	155	155	103	413
<b>Efri Laxá</b>					
	Veiði	25	11	16	52
	Sleppt	0	0	0	0
	Afli	25	11	16	52
<b>Samtals:</b>					
	<b>Veiði</b>	<b>186</b>	<b>175</b>	<b>121</b>	<b>482</b>
	<b>Sleppt</b>	<b>6</b>	<b>9</b>	<b>2</b>	<b>17</b>
	<b>Afli</b>	<b>180</b>	<b>166</b>	<b>119</b>	<b>465</b>

**Urriða- og bleikjuveiði**




Neðri Laxá		Bleikja	Urriði	Óþekkt	
	Veiði	1	16	0	
	Sleppt	0	2		
	Afli	1	14	0	
<b>Efri Laxá</b>					
	Veiði	27	2496	0	
	Sleppt	0	93		
	Afli	27	2403	0	
<b>Samtals</b>					
	<b>Veiði</b>	<b>28</b>	<b>2512</b>	<b>0</b>	
	<b>Sleppt</b>	<b>0</b>	<b>95</b>	<b>0</b>	
	<b>Afli</b>	<b>28</b>	<b>2417</b>	<b>0</b>	






Mynd 1. Rafveiðistaðir í Laxá á Ásum.




Mynd 2. Lengdar- og aldersdreifing veiddra laxaseiða í Efri Laxá í ágúst 1999.






**Mynd 3a.** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá á Ásum í ágúst 1999. Kvarði á y-ás (fjöldi) 30 eða 60 eftir fjölda seiða.



**Mynd 3b.** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá á Ásum í ágúst 1999. Kvarði á y-ás (fjöldi) 30 eða 60 eftir fjölda seiða.






**Mynd 3c.** Lengdar- og aldersdreifing veiddra laxaseiða í Laxá á Ásum í ágúst 1999.






**Mynd 4.** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Efri Laxá og Laxá á Ásum í ágúst 1999.









Mynd 5. Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Efri Laxá í ágúst 1999.



**Mynd 6a.** Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Laxá á Ásum í ágúst 1999.



**Mynd 6b.** Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Laxá á Ásum í ágúst 1999.



Mynd 7. Þyngdareifing laxa eftir kyni í Laxá á Ásum 1999.